

Mál nr. 202/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. júní 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 14. ágúst 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu kemur fram að M slasaðist við vinnu sína á dekkjaverkstæði X þann 21. mars 2024. Var hann að vinna með hjólbarða og var ásamt samstarfsmanni sínum búinn að tæma loftþrýstinginn úr hjólbörðunum. Því næst setti hann einn af hjólbörðunum á umfelgunarvél og þegar hann var að losa hjólbarðann af felgunni, sprakk hjólbarðinn með þeim afleiðingum að M skaust langt aftur fyrir sig og lenti með hjólbarðann ofan á sér. Vinnueftirlitið mætti á vettvang og mælti fyrir um úrbætur sem fólust í því að gera skuli verklagsreglur fyrir þessa tilteknu vinnu og kynna fyrir starfsfólki fyrirtækisins. Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns, X, vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir í slysinu. V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjónsins.

M telur ljóst að slysið megi rekja til þess að aðstæður á vinnustað hafi verið ófullnægjandi þar sem sprenging varð við það að M var að losa í sundur samsetta felgu með loftlykli. Hafi verklag X ekki verið í samræmi við öryggisráðstafanir sem vinnuveitanda var skylt að tryggja að fylgt yrði eftir. Hafi M unnið verkið samkvæmt bestu vitund og því sem vaninn var á vinnustaðnum samkvæmt fyrirmælum vinnuveitanda. Áður hafi verið skipt um samskonar felgu og bar vinnuveitanda að hafa verkferla eftir mismunandi tegundum bifreiða til að tryggja sem best öryggi starfsmanna. Eftir slysið hafi X alfarið hætt að skipta um dekk með felgum af þeirri tegund sem um ræðir. Fram komi í skýrslu Vinnueftirlitsins að verklagsreglur hafi vantað um verkið og krafist var útbóta á því. Byggir M einnig á því að umrædd umfelgunarvél sé hættulegt tæki sem hafi verið vanbúið til þess verks sem M vann í umrætt sinn enda hafi loftventillinn stíflast við verkið. Þar að auki telur M að X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með skorti á öryggisráðstöfunum við tækið. Öryggishlíf og/eða varnarbúnað vantaði á hana. Í skýrslu Vinnueftirlitsins hafi verið vísað til 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Í umræddri grein kemur fram að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum sé ætlað að nota innan fyrirtækisins hæfi verkinu sem inna skuli af hendi eða sé hæfilega lagað að verkinu, þannig að starfsmenn geti notað tækið án þess að öryggi þeirra eða heilsu sé hættu búin. Visar M til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna sem settar hafa verið á grundvelli laganna, máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins á þeim grundvelli að ósannað sé að slys M verði rakið til saknæms vanbúnaðar eða saknæmrar vanrækslu sem X beri ábyrgð á. Af hálfu X er því alfarið hafnað að vinnuaðstæðum, verkferlum eða tækjum hafi verið ábótavant á vinnustaðnum. Aðalorsök slyssins hafi verið sú að breytingar voru gerðar á umræddri felgu, en um hafi verið að ræða fjallatrúkkadekk frá ferðaþjónustufyrirtæki. Farið hafi verið eftir verkferlum umrætt sinn. Þegar úrhleypibúnaður sé á dekki, þ.e. sem hleypir lofti úr dekki, sé það látið duga. Annars sé þíla alltaf tekin úr öllum ventlum í öllum dekkjum. Vegna breytinga sem gerðar hafi verið á dekkinu hafi ekki allt loft komist úr því. Útilokað hafi verið að átta sig á því að búið hafi verið að eiga við samsetninguna á felgunni þar sem viðbótin var innan í dekkinu. Þá liggi fyrir að M hafði starfað hjá X frá mars 2020 og því með töluverða reynslu af umræddu starfi. Um hafi verið að ræða óhappatilvik.

Í viðbótarathugasemdum sínum bendir M á að óumdeilt sé að engir verkferlar hafi verið til staðar fyrir tilvik sem þetta. Hafi X eftir slysið alfarið hætt að skipta um dekk með felgum af þeirri tegund sem um ræðir. Sú breyting á verkferlum beri með sér að X telur sjálfur mögulegt að greina hvort búið hafi verið að eiga við dekk og þar með hafna viðskiptum af slíku tagi. Fullyrðingar X séu því mótsagnakenndar

og feli í raun í sér viðurkenningu á því að unnt hefði verið að átta sig á því að búið væri að eiga við samsetningu dekkisins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort slysið sem M varð fyrir 21. mars 2024, þegar hann starfaði á dekkjaverkstæði X, verði rakið til saknæmrar háttsemi eða vanbúnaðar sem X ber ábyrgð á og hvort V beri því að greiða M bætur úr ábyrgðartryggingu X. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, ber atvinnurekanda að tryggja sem fyllst öryggi starfsmanna sinna á vinnustað. Ljóst er af gögnum málsins að M varð fyrir slysi þegar hjólbarði sprakk við losun af felgu á umfelgunarvél. Við sprenginguna kastaðist M aftur fyrir sig og hlaut líkamstjón. Vinnueftirlitið kom á vettvang og mælti fyrir um úrbætur sem fólust m.a. í því að útbúa verklagsreglur um slíka vinnu og kynna þær fyrir starfsfólki. Í máli þessu liggur fyrir að M hafði starfað hjá X frá árinu 2020 og gegndi stöðu þjónustustjóra. Hann hafði því mikla reynslu af umræddu starfi. Ekkert bendir til þess að yfirmenn hans hjá X hafi haft sérstaka vitneskju eða tæknilega þekkingu um hættueiginleika slíkra dekkjaskipta fyrir slysið umfram þá þekkingu sem M sjálfur bjó yfir. Engin gögn liggja fyrir sem staðfesta að umfelgunarvélin hafi verið vanbúin umrætt sinn eða að skortur á verkferlum hafi verið orsök slyssins. Þótt Vinnueftirlitið hafi eftir atburðinn mælt fyrir um verklagsreglur verður ekki ráðið af því einu að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi eða vanrækslu af hálfu X. Þegar litið er til framangreinds verður ekki talið sannað að slysið verði rakið til vanbúnaðar á tækjum eða skorts á öryggisráðstöfunum sem X bar að tryggja. Verður því að líta svo á að slysið hafi verið óhappatilvik sem X ber ekki skaðabótaábyrgð á samkvæmt reglum skaðabótaréttar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir